

14. FUNDUR SAMEININGARNEFNDAR A-HÚN

Miðvikudaginn 30. september 2020, var fundur haldinn í fjarfundakerfinu ZOOM kl. 16.

Mætt voru:

Frá Húnavatnshreppi: Jón Gíslason, Einar Kristján Jónsson og Ragnhildur Haraldsdóttir.

Frá Skagaströnd: Halldór G. Ólafsson, Kristín Björk Leifsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir.

Frá Blönduósbae: Guðmundur Haukur Jakobsson, Birna Ágústsdóttir og Valdimar O. Hermannsson

Frá Skagabyggð: Magnús Björnsson, Karen Helga R. Steinsdóttir og Dagný Rósa Úlfarsdóttir.

Frá RR ráðgjöf: Róbert Ragnarsson og Jón Hrói Finnsson.

Jón Gíslason, formaður nefndarinnar setti fundinn og stýrði dagskrá.

Róbert Ragnarsson ritaði fundargerð.

Þóra Sverrisdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Fyrir fundinum lá fundargerð 13. fundar nefndarinnar frá 23. júní 2020 og fundargerðir framkvæmdaráðs frá 14. ágúst og 2. september.

Fundargerðirnar voru samþykktar og verðar birtar á huni.is

2. Stjórnskipulag

Farið var yfir stöðugreiningu stjórnsýslu sem var líka til umfjöllunar á 12. fundi sameiningarnefndar þann 10. júní síðastliðinn. Stöðugreiningin ásamt greiningu á styrkleikum, veikleikum, ógnunum og tækifærum var notuð til að setja fram áhersluatriði í stjórnsýslu og þjónustu ef til sameiningar sveitarfélaganna kemur.

Áhersluatriði nefndarinnar eru eftirfarandi ef til sameiningar sveitarfélaganna kemur.

Stjórnsýsla og þjónusta

- Skilvirk og fagleg stjórnsýsla
- Gott aðgengi að stjórnsýslunni, bæði á skrifstofu og rafrænt
- Starfsstöðvar verði á Blönduósi og Skagaströnd
- Störf í stjórnsýslu fækki ekki endilega, frekar áhersla á sérhæfingu starfsmanna
- Aukin þjónusta við íbúa og atvinnulíf

Nefndakerfi

- Sveitarstjórn hafi 7-9 fulltrúa. Skoðað verði að hafa fleiri fulltrúa í upphafi sameiningar sem gæti fækkað eftir eitt til tvö kjörtímabil
- Nefndakerfi verði hefðbundið með öflugum fagnefndum sem vinni að hagsmunum alls svæðisins
- Nýttir verði möguleikar til að setja upp verkefnabundnar nefndir sem starfi að tímabundnum afmörkuðum verkefnum, s.s. atvinnu og byggðamálum.
- Samráð við íbúa verði m.a. í vel skilgreindum notendaráðum, svo sem ungmennaráði, öldungaráði og þjónusturáðum

Bókun fulltrúa Sveitarfélagsins Skagastrandar

Fulltrúar Sveitarfélagsins Skagastrandar telja að komi til sameiningar eigi öll stjórnýsla sameinaðs sveitarfélags að vera til frambúðar á Skagaströnd. Vel heppnað fordæmi fyrir slíku fyrirkomulagi má finna í Snæfellsbæ. Þar er öll stjórnýsla sveitarfélagsins á Hellisandi þrátt fyrir að Ólafsvík sé stærsti þéttbýliskjarninn.

Slíkt fyrirkomulag eykur líkur á að sameining yrði samþykkt af íbúum Skagastrandar þar sem hluti af andstöðu við sameiningu tengist ótta við að öll störf og þjónusta endi í stærsta íbúakjarna sameinaðs sveitarfélags og fátt muni sitja eftir í heimabyggð. Íbúar Austur-Húnavatnssýslu hafa lengst af sótt stóran hluta af þjónustu sinni til Blönduósbæjar. Má þar nefna þjónustu sýslumanns, ÁTVR, bifreiðaskoðun, heilbrigðisþjónustu sem og almenna verslunarþjónustu. Ekki er fyrirséð að það fyrirkomulag muni breytast. Því er mikilvægt að viðhalda þjónustustigi og uppbyggingu utan stærsta byggðakjarnans og sýna íbúum fram á það í verki að markmið með sameiningu sé efling Austur-Húnavatnssýslu í heild sinni.

Í máli fulltrúa Húnavatnshrepps og Blönduósbæjar kom fram að eðlilegt sé að stjórnýsla nýs sveitarfélags sé staðsett bæði á Skagaströnd og Blönduósi.

Samþykki sveitarstjórnir að hefja formlegar sameiningarviðræður verður stjórnskipulag útfært nánar og samráð haft við íbúa.

3. Fundir með ráðherrum og þingmönnum

Áframhaldandi umræða um hagsmunamál svæðisins og samskipti við Alþingi og ríkisstjórn.

4. Drög að tillögu um formlegar sameiningarviðræður

Ráðgjafar lögðu fram minnisblað með drögum að tillögu til sveitarstjórna Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar um að hafnar verði formlegar sameiningarviðræður.

Lagt er til að sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar samþykki að skipa 2 fulltrúa hvert sveitarfélag og tvo til vara í samstarfsnefnd sem kanna skal möguleika á sameiningu sveitarfélaganna í samræmi við 119. grein sveitarstjórnarlaga. Í því felst að sveitarfélögin hefja formlegar sameiningarviðræður sem lýkur með kosningu íbúa. Sveitarstjórar skulu hafa seturétt með málfrelsi og tillögurétt á fundum samstarfsnefndar.

Markmiðið er að sameining sveitarfélaganna leiði til bættrar þjónustu, öflugri stjórnýslu og auknum slagkrafti við að ná árangri í byggða-, atvinnu- og samgöngumálum.

Sameiningarnefndin samþykkti samhljóða að leggja til við sveitarstjórnir Blönduósbæjar, Húnavatnshrepps, Skagabyggðar og Sveitarfélagsins Skagastrandar að hafnar verði formlegar sameiningarviðræður á grundvelli 119. gr. sveitarstjórnarlaga.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 17:50.